

2. gr.

Við 1. mgr. 43. gr. þessara sömu laga komi eftirfarandi viðbót:

Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum sem að ofan greinir, þar með taldar kvikmyndasýningar, sbr. 58. gr. þessara laga, skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ingvar Gíslason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 26. apríl 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir B-lið 1. mgr. 1. gr. laganna komi nýr liður svohljóðandi:

- C. Við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum skal, auk fulltrúa samkvæmt 1. mgr. 3. gr., einn fulltrúi af hálfu félaga seljenda og einn fulltrúi af hálfu kaupenda taka sæti í Fiskideild. Sjávarútvegsráðherra skipar fulltrúa þessa eftir tilnefningu samtaka, sem til þess eru bær að hans dómi. Leitast skal við að ná sem víðtækastri samstöðu viðkomandi hagsmunaaðila um tilnefningu fulltrúa samkvæmt þessum lið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.